

SAMÞYKKT
um breytingu á samþykkt nr. 1085/2004
um meðhöndlun úrgangs í Reykjavík.

1. gr.

Við 2. gr. bætist ný málsgrein, 8. mgr., sem orðist svo:

Heimilt er heilbrigðisnefnd að veita undanþágu frá 2. mgr. 1. gr. og ákvæðum þessarar greinar um söfnun heimilisúrgangs. Í undanþágu skal kveðið á um nánari skilyrði hennar, m.a. varðandi skýrslugjöf til umhverfissviðs um magn úrgangs og flokkun hans, tíðni losunar og meðferð úrgangsins auk almennra hollustu- og mengunarvarnaákvæða. Undanþágu skal aðeins veita þeim, sem hefur starfsleyfi til endurvinnslu og flutnings úrgangs í Reykjavík. Í þeim tilvikum þar sem veitt er undanþága, er umhverfissviði jafnframt heimilt að falla frá innheimtu sorphirðugjalda að því marki, sem gjaldið nær til söfnunar heimilisúrgangs og leigu sorphlátu.

2. gr.

Samþykkt þessi er samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur og staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum. Samþykktin tekur þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 26. júní 2006.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.